

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 63/2013****2013/EES/61/13****frá 3. maí 2013****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1047/2012 frá 8. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar listann yfir næringarfullyrðingar <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1048/2012 frá 8. nóvember 2012 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1049/2012 frá 8. nóvember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólýglýsítólsírópi í nokkrum matvælaflokkum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1050/2012 frá 8. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar pólýglýsítólsíróp <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1056/2012 frá 12. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 um ensím í matvælum að því er varðar umbreytingarráðstafanir <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1057/2012 frá 12. nóvember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á dímetýlpólýsiloxani (E 900) sem froðueyði í fæðubótarefnum <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1058/2012 frá 12. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aflatoxín í þurrkuðum fíkjum <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1147/2012 frá 4. desember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á bývaxi (E 901), karnúbavaxi (E 903), skellakki (E 904) og örkristölluðu vaxi (E 905) á tiltekin aldin <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1148/2012 frá 4. desember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á brennisteinsdíoxíði og sulfítum (E 220–228) og própan-1, 2-díólalginati (E 405) í gerjaða drykki að stofni til úr þrúguþykki <sup>(9)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 36.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 45.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 9.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 11.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 14.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 34.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 37.

- 10) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1149/2012 frá 4. desember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósarínkjarna (E 392) í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta <sup>(10)</sup>.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1183/2012 frá 30. nóvember 2012 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli <sup>(11)</sup>.
- 12) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 13) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

##### *I. gr.*

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006):  
„– **32012 R 1047**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1047/2012 frá 8. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 36).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):  
„– **32012 R 1058**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1058/2012 frá 12. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 14).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzzq (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32012 R 1056**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1056/2012 frá 12. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 9).“
4. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):  
„– **32012 R 1049**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1049/2012 frá 8. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 41),  
– **32012 R 1057**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1057/2012 frá 12. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 11),  
– **32012 R 1147**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1147/2012 frá 4. desember 2012 (Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 34),  
– **32012 R 1148**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1148/2012 frá 4. desember 2012 (Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 37),  
– **32012 R 1149**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1149/2012 frá 4. desember 2012 (Stjtið. ESB L 333, 5.11.2012, bls. 40).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):  
„– **32012 R 1183**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1183/2012 frá 30. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 11).“

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 40.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 11.

6. Eftirfarandi bætist við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):

„eins og henni var breytt með:

– **32012 R 1050**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1050/2012 frá 8. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 45).“

7. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 72. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 489/2012):

„73. **32012 R 1048**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1048/2012 frá 8. nóvember 2012 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1047/2012, (ESB) nr. 1048/2012, (ESB) nr. 1049/2012, (ESB) nr. 1050/2012, (ESB) nr. 1056/2012, (ESB) nr. 1057/2012, (ESB) nr. 1058/2012, (ESB) nr. 1147/2012, (ESB) nr. 1148/2012, (ESB) nr. 1149/2012 og (ESB) nr. 1183/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.